

Matvæla og þjónustudeild

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið fimm stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 10. febrúar 2015.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. um starfið framundan, viðhorfs- og launakönnun félagsins, kjaramál og námskeiðsmál í kjötvinnslum.

Fjölmarginir fundir fóru fram á árinu um allt félagssvæðið vegna kjarasamninga og undirbúning verkfalla. 95% félagsmanna sem vinna á almenna markaðinum samþykktu að fara í verkfall til að ná fram kröfum sínum og framhaldið þekkið þið. Þarna sannaðist enn og aftur hvað samstaðan skiptir miklu máli. Það er vert að minnast á að við verkfallsvörsluna kom í ljós að þó nokkur fjöldi einstaklinga var ekki að greiða í rétt stéttarfélag en til að félagið geti gætt að réttindum starfsmanna sem starfa á svæðinu, undir samningum félagsins, verða þeir auðvitað að vera okkar félagsmenn.

Nú stendur yfir atkvæðagreiðsla um nýjan samning á almenna markaðinum og hvet ég alla til að taka þátt. ASÍ sendi í vikunni frá sér kynningargögn og lykilorð og ættu allir að hafa fengið þau í hendur í síðasta lagi í lok vikunnar. Athugið að lykilorðið er neðst á bls. 2 í kynningarbréfinu.

Atkvæðagreiðslan en rafræn og fer fram á vef ASÍ. Einnig er hægt að smella á hnapp á heimasíðu félagsins til að kjósa.

Atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 12 á hádegi 24. febrúar nk. Þeir félagsmenn sem ekki hafa aðgang að tölvu geta snúið sér til

skrifstofa félagsins og fengið aðganga að viðeigandi tækjabúnaði og aðstoð ef með þarf.

Í júní stóð Starfsgreinasambandið, ásamt systursamtökum á Norðurlöndum, fyrir ráðstefnu gegn staðalmyndum og kynferðislegri áreitni innan hótél-, veitinga- og ferðaþjónustunnar. Meðfram ráðstefnunni lét Starfsgreinasambandið, í samstarfi við Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, vinna rannsókn á upplifun starfsfólks á kynferðislegri áreitni á vinnustað og benda niðurstöður hennar m.a. til þess að 41% þeirra sem starfað hafa í þjónustustörfum einhvern tíma á síðustu 10 árum hafi orðið fyrir áreitni, 26,4% karmanna og 50,4% kvenna. Þjónustustörf eru hér skilgreind sem störf á veitingahúsi (þar með talið kaffihúsi eða skyndibitastað) á hótelum eða í annarri ferðaþjónustu. 67,8% þeirra sem orðið hafa fyrir áreitni voru yngri en 24ra ára þegar alvarlegasta atvikið átti sér stað (ef þau voru fleiri en eitt). Kynferðisleg áreitni hefur meiri áhrif á öryggistilfinningu kvenna heldur en karla og það hefur meiri áhrif á öryggistilfinninguna að vera áreitt(ur) af vinnufélaga eða yfirmanni heldur en af viðskiptavini. Í yfir 60% tilvika kynferðislegrar áreitni í rannsókninni var gerandi viðskiptavinur, karlar verða frekar fyrir áreitni af hálfu viðskiptavina heldur en samstarfsmanna en algengara er að konur verði fyrri áreitni af hálfu samstarfsmanna eða yfirmanna.

Í tilkynningu frá SGS segir að það sé von SGS að þessi rannsókn og ráðstefnan sé aðeins upphafið að stærra verkefni sem verður að koma kynferðislegri áreitni í samhengi við öryggi á vinnumarkaði og fjalla um það eins og önnur vinnuverndarmál. Rannsóknin sýnir svo ekki verður um villst að vandinn er síður en svo minni hér á landi en annars staðar

og fullt tilefni til að taka alvarlega á málinu og vinna áfram að úrbótum. Þar bera margir ábyrgð; vinnueftirlit, atvinnurekendur, stéttarfélög, löggjafinn og framkvæmdavaldið.

Í byrjun október fóru fram tvö þing, 34. þing Alþýðusambands Norðurlands og 5. þing Starfsgreinasambands Íslands.

Þing AN fór að venju fram á Illugastöðum þar sem samankomin voru tæplega 90 fulltrúar, frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi, þar af tæplega 40 frá Einingu-Iðju. Þingið tókst í alla staði mjög vel og voru þrjár ályktanir og ein áskorun samþykktar samhljóða á þinginu. Þessar ályktanir fjalla um húsnæðismál, ferðapjónustu og vísitölu en í áskoruninni er gerð sú krafa til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar að vinna bráðan bug á því ófremdarástandi sem er í síma- og netsambandi á svæði Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum.

Þing SGS bar yfirskriftina Sterkari saman í 15 ár, en í fyrra átti sambandið 15 ára afmæli. 12 sátu þingið frá Einingu-Iðju, þar á meðal formaður þessarar deildar. Björn Snæbjörnsson formaður félagsins var endurkjörinn formaður SGS til næstu tveggja ára og Anna varaformaður var kosin varamaður í framkvæmdastjórn þess.

Formaður deildarinnar fór ásamt fjórum öðrum félagsmönnum til Reykjavíkur í nóvember og sat jafnréttisráðstefnu um jafnréttismál sem ASÍ bauð til. Þetta var mjög góð og þörf ráðstefna sem haldin var í tilefni af því að liðin voru 40 ár frá því að íslenskar konur lögðu niður störf þann 24. október til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags þeirra og krefjast bættra kjara. 60 ár liðin frá því að fyrsta jafnlaunaráðstefna ASÍ var

haldin, þar sem fjallað var um kjör kvenna og á árinu fögnuðu íslenskar konur 100 ára afmæli kosningaréttar.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011.

Í könnuninni var m.a. spurt út í þjónustu félagsins og er útkoman ánægjuleg fyrir okkur. 55,5% sögðust hafa nýtt sér einhverja þjónustu hjá félaginu undanfarna 12 mánuði. Rúmlega 95% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-Iðju þegar á heildina væri litið. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og síðustu ár.

Í könnuninni voru nokkrar spurningar í sambandi við launaseðilinn, m.a. var spurt hvort viðkomandi skoðaði hann. 11,2% sögðu stundum og 12% sögðu sjaldan eða aldrei. Fyrirfram hefði ég talið að það væri yngsti hópurinn sem skoðaði hann ekki, en þannig er það nú ekki. Hóparnir 25 til 34 ára og 35 til 44 ára skoða sjaldnast sína seðla.

Niðurstöður könnunarinnar í heild má finna á heimasíðu félagsins.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldin mörg námskeið, þ.á.m. eru dyravarðanámskeið, trúnaðarmannanámskeið og hvernig eigi að búa til jólastjörnur. Fjölmörg önnur námskeið voru auglýst en ekki tókst að fá lágmarkfjölda á þau.

Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Ég vil minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf.

Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:

Formaður	Margrét H. Marvinsdóttir	MS Akureyri
Varaformaður	Tryggvi Jóhannsson	Þrif og ræstivörur
Ritari	Sigríður Jósepsdóttir	Samherja Dalvík
Meðstjórnendur	Júlíanna Kristjánsdóttir	Securitas
	Stefán Aðalsteinsson	Kjarnafæði
	Anna Guðrún Ásgeirsdóttir	Akureyri
	Kristbjörg Ingólfssdóttir	Landsbankinn
	Birna Harðardóttir	Norðlenska
	Steinþór Berg Lúthersson	ÚA Akureyri

Fyrir næsta starfsár verða eftirfarandi í stjórn til eins árs:

Formaður	Margrét H. Marvinsdóttir	MS Akureyri
Ritari	Sigríður Jósepsdóttir	Samherja Dalvík
Meðstjórnendur	Anna Guðrún Ásgeirsdóttir	MS-Akureyri
	Júlíanna Kristjánsdóttir	Securitas
	Steinþór Berg Lúthersson	ÚA Akureyri

Í ár verður kosið til tveggja ára um varaformann og þrjá meðstjórnendur.

Fyrir næsta starfsár gefa eftirtaldir kost á sér í stjórn til tveggja ára.

Varaformaður	Tryggvi Jóhannsson	Þrif og ræstivörur
Meðstjórnendur	Sólveig Auður Þorsteinsdóttir	Bautinn
	Birna Harðardóttir	Norðlenska
	Stefán Aðalsteinsson	Kjarnafæði

Ég vil minna fólk á að orlofsblaðið kemur út 9. mars nk. Í sumar verður boðið upp á mikið úrval sumarhúsa eins og undanfarin ár.

Áfram verður boðið upp á Viku að eigin vali. Styrkurinn í ár verður kr. 20.000. Sami fjöldi styrkja verða í boði fyrir félagsmenn og í fyrra, eða 270 styrkir. Sækja þarf um styrkinn eins og orlofshúsin, þ.e. fyrir 1. apríl nk.

Á skrifstofum félagsins verður áfram boðið upp á útilegu og veiðikort á niðurgreiddu verði, ásamt gistimiðum á Keahótelin, Fosshótelin og Edduhótelin.

Ég minni líka á félagavefinn okkar, sem veitir félagsmönnum möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktásögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja ásamt úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Einnig er þar hægt að skoða upplýsingar um stöðu orlofshúsa, sækja um, bóka og greiða fyrir orlofshús með greiðslukorti.

Ég vil þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju Jafnframt þakka ég Kristbjörgu Ingólfsdóttur, sem nú lætur af stjórnarstörfum, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og að lokum,. Að lokum þakka ég Önnu Júlíusdóttur, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.